

Heimalestrarviðmið í 1. – 7. bekk í Grunnskólanum á Þórshöfn

Hlutverk heimila í læsinnámi barna og unglunga er að bjóða upp á lestrarhvetjandi umhverfi þar sem nemandi les fyrir fullorðinn og tryggja það að börnin hafi gott aðgengi að lesefni.

Samstarf milli heimila og skóla þarf að vera gott þar sem regluleg upplýsingagjöf frá báðum aðilum skiptir máli. Stuðningur og hvatning við læsinnámið frá bæði heimili og skóla stuðlar að því að læsinnám barna verði árangursríkt og gefandi.

Greining er gerð á lestrarskráningu nemenda vikulega.

Nemendur á yngsta stigi, 1.-4. bekkur, lesa a.m.k. 10-15 mín á dag 5 daga vikunnar.

Miðstignemendur lesa heima samkvæmt kröfum umsjónarkennara. Nemendur á yngsta stigi skrifa einnig orð eða setningar.

Taka skal tillit til aðstæðna og þarfa nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Leiðbeinandi þrep fyrir heimalestrarviðmið:

1. þrep - Heimalestri hefur ekki verið sinnt í 2 vikur

Umsjónarkennari sendir tölvupóst til foreldra/forráðamanna.

2. þrep - Heimalestri hefur ekki verið sinnt í 4 vikur

Umsjónarkennari hringir í foreldra/forráðamenn ef litlar breytingar verða á 4 vikum. Skráð í Mentor.

3. þrep - Heimalestri hefur ekki verið sinnt í 6 vikur

Umsjónarkennari boðar foreldra/forráðamenn á fund ásamt skólastjórnanda/deildarstjóra.

4. þrep - Heimalestri hefur ekki verið sinnt í 7 vikur

Komi upp sú staða að ofangreindar verklagsreglur bera ekki árangur verður málinu vísað til nemendaverndarráðs sem ákveður í framhaldið.

Vanrækslutilkynning til Barnaverndar ef þurfa þykir.